

2001110024
9140

Umhverfisnefnd Alþingis
Helga Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2001
/--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gerð svæðisskipulags fyrir landið allt.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 14. nóvember 2001, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um svæðisskipulag fyrir landið allt, 157. mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að umhverfisráðherra verði falið að hlutast til um gerð svæðisskipulags fyrir þau svæði á landinu sem ekki hafa þegar verið skipulögð.


Samkvæmt 2. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag að liðnum 10 árum frá gildistöku laganna eða 1. janúar 2008. Skipulagsstofnun hefur því lagt áherslu á aðalskipulagsgerð sveitarfélaga og hvatt sveitarstjórnir til að hefja sem fyrst undirbúning aðalskipulagsgerðar þar sem slík vinna er ekki þegar hafin. Miðað við viðbrögð hjá sveitarfélögunum er allt útlit fyrir að takast muni að ljúka þessu verkefni á tilskildum tíma og tekur þá við regluleg endurskoðun aðalskipulagsáætlanna sem þekja þá allt Ísland.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. skipulags- og byggingarlaga skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum, skipulagsgjald, til að standa straum af kostnaðarhlutdeild ríkisins vegna gerðar skipulagsáætlana, allt að 50% á móti sveitarfélögum. Gjaldið rennur í Skipulagssjóð. Í fjárlagafrumvarpi vegna ársins 2002 er gert ráð fyrir að 30 milljónir króna af fé sjóðsins verði ekki til ráðstöfunar til skipulagsgerðar. Skipulagsstofnun hefur þegar skuldbundið það fjármagn sem er til ráðstöfunar á næsta ári og hefur því haldið að sér höndum varðandi loford til fleiri sveitarfélaga um kostnaðarþátttöku í einstökum aðalskipulagsverkefnum.


Svæðisskipulag er gert til að samræma stefnu hlutaðeigandi sveitarfélaga um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Á sumum landsvæðum getur svæðisskipulag verið árangursríkt og jafnvel nauðsynlegt stjórnþæki sveitarfélaganna. Hins vegar má segja að eftir því sem sveitarfélögunum fækkar með sameiningu og í ljósi þess að aðalskipulag skal ná til alls lands innan hlutaðeigandi sveitarfélaga þá minnkar þörfin fyrir svæðisskipulag, þó svo að þörfin fyrir stefnumörkun fyrir stærri svæði en einstök sveitarfélög verði alltaf fyrir hendi. Þeirri þörf verður að öllum líkindum mætt að

hluta með aukinni áherslu á áætlanir um landnotkun á landsvísu.

Í stað þess að leggja áherslu á svæðisskipulagsgerð fyrir allt landið og í ljósi þess að um takmarkað fjármagn er að ræða hjá ríki og sveitarfélögum telur Skipulagsstofnun eðlilegra að leggja til að lögð verði áhersla á að uppfylla 2. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga um að aðalskipulagsgerð allra sveitarfélaga verði lokið fyrir 1. janúar 2008 og að til að það markmið náist verði fjármögnun skipulagssjóðs tryggð.



Stefán Thors



Elín Smáradóttir